



# LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 138/417**  
**komudagur 3.12.2009**

Reykjavík 2. desember 2009.

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Tilvísun yðar:** Þskj. 104 – 100. mál 138. löggjafarþing

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla (sameining héraðsdómstóla), nr. 15/1998 með síðari breytingum.

## **Almennt:**

Landssamband lögreglumanna (LL) gerir ekki efnislegar athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rétt er þó að leggja á það áherslu að í þeim skipulagsbreytingum, sem að er stefnt, með frekari fækkun og stækkun lögregluumdæma, sbr. einnig 83. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð sakamála nr. 88 12. júní 2008 með síðari breytingum (frestun á stofnun embættis héraðssaksóknara) að rétt hefði verið, að mati LL, að skoða þessi mál öll (þ.e. dómstóla, ákærvald og löggæslu) heildstætt.

Sennilegast er að færa mætti fyrir því rök að stofnun embættis héraðssaksóknara (þ.m.t. flutningur ákærvalds alfarið frá lögreglustjórum), eða efling embættis Ríkissaksóknara, í ljósi þess sem frá er greint hér að ofan um skipulagsbreytingar í lögreglu auk þeirra skipulagsbreytinga, sem að er stefnt með þessu frumvarpi, gæti falið í sér, heildstætt, ákveðna hagræðingu og sparnað í rekstrarkostnaði dómsmálaráðuneytisins.

F.h. Landssambands lögreglumanna

Snorri Magnússon

Formaður